

Ed.

1018. Breytingartillaga

[123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Karli Steinari Guðnasyni, Helga Seljan, Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður svohljóðandi:

Félagsmálaráðherra skal skipa nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun varðandi byggingu leiguíbúða og semja frumvarp til laga um búseturéttarákvæði og kaupleigusamning. Stefnt verði að því að slíkt frumvarp verði lagt fram í byrjun næsta þings.